

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 15.10.2012

21. fundur 15. október 2012 kl 10:00-11:30

Fundarstaður: Hótel Reykjahlíð.

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Birgir Steingrímsson

Pétur Snæbjörnsson

Karl E. Sveinsson

Eyrún Björnsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

1. Deiliskipulag vegna stækkunar Kröfluvirkjunar. Tillaga.

S20120601

Lögð fram deiliskipulagstillaga vegna stækkunar Kröfluvirkjunar frá Finni Kristjánssyni, Landslagi ehf, f.h. Landsvirkjunar. Tillagan er á tveimur uppdráttum: Uppdrætti A í mkv. 1:10.000 og uppdrætti B í mkv. 1:2.500 og einnig fylgir með greinargerð dags 28. september 2012.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna:

- 1. Athuga þarf nánar skilgreiningu á efnistökusvæðum við Sandfell/Randir 376-E skv. drögum að aðalskipulagi með vísan í athugasemdir frá Umhverfisstofnun frá 23. júlí 2012 um að ekki eigi að gera ráð fyrir efnistöku við Sandfell.*
- 2. Skilgreina nánar þjónustusvæði við Vítismó, 344-V skv. drögum að aðalskipulagi.*
- 3. Valin verði frekar lagnaleið B en AB á mannvirkjabelti vestan við Víti vegna minni sjónrænna áhrifa.*

4. *Stundaðar verði lifandi útblástursmælingar frá virkjun á undirbúningstíma og eftir lok framkvæmda. Upplýsingar verði stöðugt aðgengilegar á veraldarvefnum.*
5. *Við alla hönnun hvers konar mannvirkja á svæðinu verði efnis- og litavali þannig háttað það falli sem best að landslagi og náttúru.*
6. *Skilgreindar verði annars vegar sérstakar lóðir undir núverandi mótuneyti og svefnskála og önnur þau mannvirki sem hugsuð eru til frambúðar og hins vegar verði afmarkaðar lóðir undir vinnubúðir sem ætlað er að standi eingöngu á framkvæmdatímanum.*

2. Deiliskipulag fyrir nýjan Dettifossveg. Skipulags- og matslýsing.

S20121004

Erindi dags 31. ágúst 2010 frá Óskari Erni Gunnarssyni, Landmótun sf, f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs og Vegagerðarinnar þar sem hann óskar eftir því að lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing fyrir deiliskipulag Dettifossvegur verði tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar. Með umsókn fylgir greinargerð, *Lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing áætlaða frá 24. ágúst 2012*

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og matslýsing verði samþykktar. Leitað verði umsagnar um þær hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og þær kynntar almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Deiliskipulag Birkilands, frístundabyggðar í landi Voga 3. Tillaga að breytingu

S20121003

Tekið fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar, Birkilands í landi Voga 3 skv. deiliskipulagsuppdrætti og greinargerð dags í október 2010 frá arkitektastofunni Form og Búgarði. Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Á hverri lóð er heimilt að byggja tvö hús í stað eins frístundahúss og eins aðstöðuhúss.
2. Hámarks heildarstærð grunnflatar beggja húsanna er 180m² í stað 120m².
3. Séu byggð tvö hús, má minna húsið ekki vera stærra en 25m² að flatarmáli og stærra húsið verður að vera að lágmarki 20m² stærra.
4. Til þess að einfalda lóðarhöfum landaölgun húsa sinna, er heimilt að vera með kjallara undir húsum á lóðum nr. 3 – 30 og er það rými ekki reiknað með inn í hámarks heildarstærð húsa, heldur einungis aðalhlæð húsa. Gerðar eru kröfur um að gólfplata í kjallara skuli vera a.m.k. 60 sm undir aðliggjandi landi að þremur fjórðu hlutum útveggja húss og að einn fjórði hluti útveggja húss má ekki fara undir kjallaragólfplötu.
5. Hámarkshæð gólfplötu húsa á lóðum nr. 1 og 2 yfir aðliggjandi landi er 60sm.
6. Innan byggingarreits á lóðum nr. 3 - 27 er gefinn upp hæðarkóti á hæsta leyfilega þakflöt húsa.
7. Á lóðum nr. 28 – 30 er ekki gefinn upp hæðarkóti á hámarks heildarhæð húsa, en fylgja skal skilmálum um landaölgun skv. breytingarlið nr. 4 hér að ofan.

8. Sé um tvö hús að ræða má hámarks fjarlægð milli húsanna ekki vera meiri en 15m í stað 10m áður.
9. Leiðréttar eru stærðir á lóðum nr. 12-15 vegna minnháttar tilfærslu á götu til þess að sneiða hjá hraunmyndunum.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 22. september 2010 að grenndarkynna breytinguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin var grenndarkynnt en engar athugasemdir bárust. Skipulagsstofnun gerði hins vegar athugasemdir við að Skútustaðahreppur birti auglýsingu um samþykki deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem stofnunin taldi að 50% aukning á leyfilegu byggingarmagni væri ekki óveruleg breyting og auglýsa hefði átt breytinguna sem verulega breytingu á deiliskipulaginu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Birkilands sem verulega breytingu skv. 1. mgr. 41. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Bjarnarflag. Umsókn um stofnun lóðar

S20120604

Erindi dags 5. október 2012 frá Óla Grétari Blöndal Sveinssyni, framkvæmdastjóra Þróunarsviðs, f.h. Landsvirkjunar þar sem sótt er um að stofnuð verði lóð fyrir Bjarnarflagsvirkjun í landi Voga 1, 2 og 3 í Bjarnarflagi. Meðfylgjandi er hnitsettur lóðaruppdráttur og útfyllt eyðublað um stofnun nýrra lóða í fasteignaskrá ásamt afriti af þinglýstum lóðar og afnotasamningi milli Landsvirkjunar og allra þinglýstra eigenda Vogajarðarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.

5. Múlavegur 11. Grenndarkynning

S20120201

Tekið fyrir að nýju erindi dags 23. ágúst 2012 frá Garðari Finnssyni þar sem hann sækir formlega um lóðina að Múlavegi 11 til að byggja 108 m² hús ásamt 40 m² bílskúr. Erindið var grenndarkynnt frá 5. september til 3. október 2012 skv. 44. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að skilgreina lóðarmörk hinnar nýju lóðar og annast gerð lóðarsamnings og byggingarskilmála í samráði við byggingarfulltrúa.

6. Arnarvatn. Deiliskipulag hótellóðar.

S20120302

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns. Gert er ráð fyrir 80 herbergja hóteli á 7 ha lóð sem skilgreind er sem verslunar- og þjónustusvæði 365-V í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2010-2022. Tillagan var kynnt á almennum fundi 8. október s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni. Innkominn nýr tillöguuppráttur 9. október 2012 frá Verkfræðistofunni Mannviti (P.L.C) á Húsavík.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

7. Vogafjós, Vogum 1. Viðbygging.

S20121005

Erindi dags 8. október 2012 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f. h. Vogafjóss ehf. þar sem hún sækir um heimild til viðbyggingar við núverandi Vogafjós 8 m til vesturs skv. meðfylgjandi teikningum dags 9. október 2012 frá verkfræðistofunni Mannviti á Húsavík.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að þar sem ekkert deiliskipulag er til af svæðinu verði tillagan grenndarkynnt fyrir nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nefndin vill beina þeim tilmælum til umsækjanda að vegna vaxandi umsvifa og fyrirhugaðra framkvæmda sé nauðsynlegt að láta vinna deiliskipulag af svæðinu.

Fundi slitið